

Þrjú verk Halldórs Laxness

Nafn áfanga:

ÍSLE3CN05

Titill áfanga:

Þrjú verk Halldórs Laxness.

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum gefst tækifæri til að kynna sér nánar verk Nóbelskáldsins Halldórs Kiljans Laxness.

Þrjú mikilvæg bókmenntaverk Halldórs Laxness eru brotin til mergjar.

Lögð er áhersla á nákvæman lestur, textagreiningu, innlifun og skapandi verkefnavinnu. Unnin eru margs konar verkefni í tengslum við lesturinn, bæði einstaklingsverkefni og hópverkefni, munnleg jafnt sem skrifleg.

Forkröfur:

Íslenska tvö (ÍSLE2BB)

Þekkingarviðmið:

Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á helstu einkennum verka Halldórs Laxness.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á því úr hvaða menningarlega og pólitíska jarðvegi verkin eru sprottin.

Nemandi þarf að geta tengt verkin við helstu stefnur í íslenskum bókmenntum.

Nemendur þurfa að átta sig á persónum verkanna og helstu einkennum þeirra.

Leikniviðmið:

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

Nemandi skal geta miðlað þekkingu sinni á verkunum sem lesin eru með mismunandi aðferðum og ólíkum tjáningarformum, haldið fyrirlestra, skrifað skýrslur og ritgerðir.

Nemandi þarf að sýna færni í að greina verkin og geta rætt um þau með viðeigandi hugtakanotkun.

Nemandi þarf að geta unnið úr lestrarreynslu sinni og tengt við sinn reynsluheim.

Hæfniviðmið:

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Nemandi á að geta tekið þátt í umræðu um verkin, fært rök fyrir máli sínu, tekið gagnrýni og veitt andsvör.

Nemandi skal sýna að hann getur sett sig í spor ólíkra sögupersóna verkanna.

Nemandi á að fá tækifæri til að þroska lestrarupplifun sína og skilning sem nýtist honum til enn frekari lestrar og úrvinnslu á bókmenntum í framtíðinni.

Námsmat:

Ekkert lokapróf er í áfanganum, krafist er mætingar, virkrar þátttöku og verkefnaskila. Verkefni eru munnleg jafnt sem skrifleg.

Leiðbeiningar eða viðbótarupplýsingar: